

T I L L A G A

að starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

1. gr.

■ Kirkjuþing kýs kjaranefnd þjóðkirkjunnar. Í starfsreglum þessum skal heiti nefndarinnar vera kjaranefnd kirkjunnar.

2. gr.

■ Hlutverk kjaranefndar kirkjunnar er:

1. Að gæta hagsmuna þjóðkirkjunnar gagnvart samtökum þeirra launþega sem ráðnir eru þar til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör.
2. Að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd þjóðkirkjunnar gagnvart stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim, sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar.
3. Að vinna að því að móta starfskjarastefnu þjóðkirkjunnar.
4. Að ákvarða laun biskups Íslands og vígslubiskupa.

3. gr.

■ Kjaranefndar kirkjunnar hefur ótakmarkað umboð til samningsgerðar við þá sem tilgreindir eru í 2. tölul. 2. gr. Samningar og ákvarðanir kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

4. gr.

■ Þegar kjaranefnd ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aftar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eða skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir forsætisnefnd.

□Kjaranefnd skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa.

5. gr.

■Kjaranefnd kirkjunnar er skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Skulu nefndarmenn vera skráðir í þjóðkirkjuna og mega þeir ekki gegna launuðu starfi sem greitt er fyrir af hálfu þjóðkirkjunnar. Enginn getur setið nema tvö kjörtímabil samfellt í nefndinni. Nefndin er kosin á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kirkjuþingskosningar. Kirkjuþing ákveður hver skuli vera formaður kjaranefndarinnar, auk þess sem kosinn skal varaformaður. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Skal fyrsti varamaður gegna formennsku í kjaranefndinni hátti svo til að allir aðalmenn í kjaranefnd starfi ekki að tilteknum samningum.

□Forfallist aðal- eða varamaður í kjaranefnd kirkjunnar varanlega, skal á næsta kirkjuþingi kjósa nýjan í hans stað er sitji út kjörtímabil nefndarinnar.

□Skylt er nefndarmönnum að gæta þagmælsku um það sem fram kemur á fundum og leynt á að fara eftir ákvörðun fundar eða samkvæmt eðli máls.

6. gr.

■Formaður kjaranefndar kirkjunnar ákveður hvenær nefndin skuli koma saman og hvar fundir skulu haldnir. Skylt er þó að kalla nefndina saman ef meiri hluti nefndarmanna óskar þess.

□Fundir í kjaranefnd kirkjunnar eru lögmætir hafi þeir verið boðaðir með minnst eins sólarhrings fyrirvara með dagskrá.

7. gr.

■Fundargerðir kjaranefndarinnar skulu, svo fljótt sem auðið er, vera aðgengilegar í gagnaherbergi kirkjuþings.

□Þjóðkirkjan annast nauðsynlega þjónustu við kjaranefndina eins og nefndin kann að óska eftir.

□Þóknananefnd þjóðkirkjunnar ákvarðar þóknun til kjaranefndar kirkjunnar.

8. gr.

■Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar..

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í nýjum lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 falla allar starfsreglur kirkjuþings brott eigi síðar en 31. desember 2021. Verður því að samþykkja nýjar starfsreglur um kjaranefnd kirkjunnar með formlegum hætti á kirkjuþingi fyrir áramót 2021-2022.

Forsætisnefnd kirkjuþings flytur mál þetta, að höfðu samráði við biskup Íslands og vígslubiskupa Hólaumdæmis og Skálholtsumdæmis.

Á aukakirkjuþingi í júní var samþykkt eftirfarandi þingsályktunartillaga:

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að kjaranefnd kirkjuþings ákvarði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa. Við ákvarðanir þessar skal kjaranefnd hafa til viðmiðunar þróun launa á almennum vinnumarkaði og umfang starfanna. Einnig skal litið til breytinga á launum presta samkvæmt kjarasamningi milli Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu svo og breytinga á launum opinberra starfsmanna.

Þegar kjaranefnd ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aflar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eda skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir forsætisnefnd.

Kjaranefnd skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa.

Í framhaldi af samþykkt þingsályktunartillögunnar er nauðsynlegt að breyta starfsreglum um kjaranefnd kirkjunnar til samræmis við hana.

Rétt þykir að gefa út nýjar starfsreglur um nefndina þó að einungis sé um að ræða þrjár breytingar á gildandi starfsreglum. Þær breytingar koma fram í 2. málslíð 3. gr. þar sem fjallað er um að samningar skuli undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings. Rétt þykir að bæta þar við orðinu „ákvarðanir“. Þá er bætt við nýjum tölulíð, 4. líð, í 2. gr., en þar er fjallað um hlutverk kjaranefndar. Kirkjuþing taldi rétt að útvíkka hlutverk kjaranefndar og fela nefndinni að ákvarða laun biskups og vígslubiskupa. Ennfremur er bætt inn nýrri 4. gr. þar sem kveðið á um verklag kjaranefndar við ákvörðun launa biskupanna sbr. 2. og 3. málsgrein þingsályktunarinnar.

Varðandi umfjöllun um einstakar greinar tillögunnar vísast til 5. máls kirkjuþings 2020.